

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

26. apríl 1979.

Nr. 185.

## GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 300 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

#### 4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.

Skal notkunargjaldið þá vera 7.50 kr./M CAL miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu í stofn- og rekstrarkostnaði.

#### 5. gr.

Þegar afnot af fjarhituninni eru leyfð til annarra nota en húshitunar er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 6. gr.

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

A. Fyrir mæla allt að ¾" .....	kr. 2 000.00
B. Fyrir mæla allt að 2" .....	— 4 000.00
C. Fyrir mæla allt að 3" .....	— 8 000.00
D. Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	

## 7. gr.

Gjöld skv. 3.—6. gr. innheimtir Rafveita Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustaða skal getið á reikningnum eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

## 8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m <sup>3</sup> (utanmál)	Heimæðagjald
Allt að 400 .....	kr. 383 400
400 að 2000 .....	— 383 400 fyrir 400 m <sup>3</sup> + 306 kr./m <sup>3</sup> þar yfir
2000 að 6000 .....	— 873 000 fyrir 2000 m <sup>3</sup> + 261 kr./m <sup>3</sup> þar yfir
6000 að 10000 .....	— 1 917 000 fyrir 6000 m <sup>3</sup> + 230 kr./m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 10000 .....	— 2 837 000 fyrir 10000 m <sup>3</sup> + 199 kr./m <sup>3</sup> þar yfir

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

## 9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

A. Fyrir mæli allt að ¾" .....	kr. 45 000.00
B. Fyrir mæli allt að 2" .....	— 90 000.00
C. Fyrir mæli allt að 3" .....	— 180 000.00

## 10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1979, 280 stig.

Fjarhituninni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.

## 11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á bæjar-skrifstofunum í Vestmannaeyjum.

## IV. KAFLI

## 12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 13. gr.

Fjarhitun hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 3 000.00 fyrir hvert skipti.

## 14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

## 15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## V. KAFLI.

## 16. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 480 frá 29. október 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976,  
með síðari breytingum.**

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

## 1. Vatnsgjöld:

Garðyrkjustöðvar kr. 420.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 30.00 á mánuði af hverjum rúmmetra.

Íbúðarhús, samkvæmt mælingu um hemil, kr. 2 100.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús, samkvæmt mælingu um hemil, kr. 1 050.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

2. Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 420.00 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald, kr. 30.00 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 20.00 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
3. Hemlagjöld kr. 1 500.00 á mánuði fyrir hvern hemil.
4. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.